



Reykjavíkurborg

**LÆSISSTEFNA
BREIÐHOLTS**

FORSENDUR LÆSISSTEFNU ERU ÞÆR AÐ
ALLIR NEMENDUR GETI LÆRT, SÝNI FRAM-
FARIR OG AÐ NÁM SÉ HEILDRÆNT FERLI Í
ÞROSKA ÞEIRRA.



Efnisyfirlit

Formáli	4
Hlutverk leik- og grunnskóla	5
Leikskólahluti	5
Þættir máls og læsis	6-7
Aðgengi að efnivið og þekkingu	
Að lesa fyrir börn	9
Söngur og kveðskapur	9
Umhverfislæsi	10
Samstarf við foreldra	11
Fjöltýngd börn	12
Málörvun og heimalestur leikskólabarna	12
Hugmyndir fyrir málörvun	12
Hugmyndir fyrir heimalestur	13
Grunnskólahluti	
Læsi	15
Lestur	15
Leiðir til að efla lestur	17-19
Lesfímiviðmið	21
Lestrarþjálfun heima	22
Lestrarhvetjandi umhverfi	22
Ritun og stafsetning	23
Kennsluhugmyndir í ritun og stafsetningu	23-25
Talað mál og hlustun	26
Lokaorð	26
Heimildaskrá	27

Formáli

Árið 2015 var farið af stað með *Læsi allra mál* verkefnið í Breiðholti. Verkefnið byggir á samstarfi Þjónustumiðstöðvar Breiðholts (ÞB) og leik- og grunnskóla hverfisins. Því er ætlað að efla málþroska og læsi barna í hverfinu. Fljótlega eftir að verkefnið fór af stað var ákveðið að búa til sameiginlega læsisstefnu fyrir leik- og grunnskóla Breiðholts.

Læsisstefnan leggur grunn að lærdómssamfélagi um mál og læsi í fjölmennningarlegu skólastarfi með snemmtæka íhlutun að leiðarljósi. Forsendur verkefnisins eru þær að allir nemendur geti lært, sýni framfarir og að nám sé heilðrænt ferli í þroska þeirra. Skimanir eru gerðar á málþroska og læsi í þágu snemmtækrar íhlutunar á báðum skólastigum. Með því að nota skimanir á málþroska og lestri má bregðast strax við mögulegum vanda. Samkvæmt aðalnámskrám leik- og grunnskóla (2011) er meginmarkmið læsis að nemendur taki virkan þátt í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa.

Í upphafi var haft að leiðarljósi að styrkja þyrfti skólastarf innan hverfisins og flæði þekkingar á milli skólastiga. Tilgangur verkefnisins var að auka gæði kennslu í leik- og grunnskólum og koma til móts við fjölbreyttar þarfir barna. Læsisstefna Breiðholts er hugsuð sem grunnur að þessari vinnu.

Markmið hennar eru því að:

- efla málþroska, lestrarfærni, lesskilning og ritun nemenda gegnum samvinnu leik- og grunnskóla og heimila
- nemendur upplifi gildi og tilgang læsis og ritmáls og geti nýtt sér það til gagns og gleði
- festa í sessi verkferla sem styðja og styrkja alla þá aðila sem koma að uppeldi og kennslu leik- og grunnskólabarna
- áhersla sé á markvissa vinnu með málþroska, orðaforða og lestrarferli frá upphafi leikskólagöngu til loka grunnskóla
- veita kennurum tækifæri til starfsþróunar
- skimanir, ráðgjöf og fræðsla leiði til íhlutunar og skili árangri
- nýttar séu gagnreyndar kennsluaðferðir
- veita þeim börnum sem eru í áhættuhóp aukna aðstoð fyrr í ferlinu og mæta þörfum hvers og eins.

Hlutverk leik- og grunnskóla

Skólar eru menntastofnanir, hlutverk þeirra eru skilgreind í löggjöf um menntun. Á hverju skólastigi er stefnt að fjölbreyttum viðfangsefnum og starfsháttum til að koma til móts við mismunandi námsþarfir ólíkra einstaklinga og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins (Aðalnámskrár leik- og grunnskóla, 2011).

Mikilvægt er fyrir skólastofnanir að marka sér málstefnu. Með málstefnu er skilgreint hvaða tungumál við tölum og hvernig við nýtum það. Í skólunum er áhersla lögð á að nemendur læri og noti íslensku (*Lög um leikskóla nr. 90/2008; lög um grunnskóla nr. 91/2008*). Á leikskólaaldri og fyrstu árum grunnskólans er afar mikilvægt að börn hafi góðar málfyrirmyndir og fái nauðsynlega málörvun. Traust kunnátta í íslensku er meginundirstaða haldgóðrar menntunar, lestur öflugasta tæki nemenda til að afla sér þekkingar og tjáning í ræðu og riti forsenda þátttöku í samfélaginu (Íslenska til alls, 2008). Læsi er í eðli sínu félagslegt fyrirbæri og hefst með máluppeldi barna við fæðingu. Góð lestrarfærni á íslensku er lykill að þekkingaröflun og skilningi á umhverfi og samfélagi (Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030-látum draumana rætast).

LEIKSKÓLAHLUTI

Á leikskólaárunum er lagður mikilvægur grunnur að þroska barna en oft er hugtakið bernskulæsi (e. emergent literacy) notað yfir þetta ferli. Bernskulæsi hefur verið skilgreint þannig að það feli í sér ákveðna færni, þekkingu og viðhorf sem þroskast sem undanfari eiginlegs lesturs og ritunar. Það felur einnig í sér skilning á læsistengdum hugtökum og tekur til hefðbundinna læsispátta: hljóðkerfisvitundar, bókstafaþekkingar, umskráningar, orðaforða, málskilnings og ritunar. Í bernskulæsi mótast einnig viðhorf barna til læsis og vitund þeirra um tilgang þess (Lesið í leik, 2013).

Í gegnum leikinn sem er höfuðmarkmið leikskólans ber leikskólum að skipuleggja nám barna þannig að þau njóti þess að efla mál sitt og læsi í víðu samhengi í gegnum fjölbreytta reynslu og efnivið. Læsi leikskólabarna felur í sér málnotkun og merkingu orða í málsamfélagi en sagt hefur verið að læsi snúist um samband orðanna við lífið sjálft (Stefán Jökulsson, 2012).

Þarft er að nýta hverja stund í leikskólastarfinu til málörvunar, við móttöku og brottför barna, í matartímum, í samverustundum, hópastarfi og hvíldarstundum, útiveru og vettvangsferðum, í sköpun og leik. Huga þarf að því að börnum fari stöðugt fram í öllum þáttum máls og varast að einblína á einstaka þætti umfram aðra. Leikskólakennarar og annað starfsfólk þarf að vera meðvitað um að mikill einstaklingsmunur er á milli barna á leikskólaaldri hvað varðar málþroska og þeir þurfa að þekkja eðlilega framvindu þroska í máli og læsi.

ÞÆTTIR MÁLS OG LÆSIS

ORÐAFORÐI OG MÁLSKILNINGUR

MARKMIÐ:

- Að börn skilji talað og lesið mál
- Að börn geti notað tungumál í mismunandi aðstæðum
- Að auka orðaforða og málskilning barna

LEIÐIR:

- Tala við börn
- Skapa þörf og áhuga barna til þess að tjá sig
- Setja orð á athafnir
- Lesa fyrir börn
- Ræða um innihald texta
- Nota söng, vísur, rím og þulur
- Útskýra orð og orðasambönd
- Nota öll tækifæri til að leggja inn fjölbreytt orð og hugtök
- Sýna áhuga á tungumálum allra barna
- Nýta styrkleika og áhugasvið barna.
- Skipulagðar málörvunarstundir

MÁLTJÁNING OG FRÁSAGNARHÆFNI

MARKMIÐ:

- Að börn geti tjáð sig um eigin upplifanir og skoðanir
- Að börn geti tekið virkan þátt í gagnvirkum samskiptum og samræðum
- Að börn þjálfist í framkomu og frásögn
- Að efla gagnrýna hugsun

LEIÐIR:

- Tala við börn
- Nota opnar spurningar
- Hvetja börn til þess að segja frá og spyrja
- Grípa frumkvæði barna, hlusta á þau og leiða þau áfram í frásögn
- Nýta fjölbreyttan efnivið og aðstæður til að ýta undir þróun í frásögn og tjáningu
- Fullorðnir eiga að vera fyrirmyndir í samskiptum

HLUSTUN OG HLJÓÐKERFISVITUND

MARKMIÐ:

- Að efla börn í virkri hlustun
- Að styrkja hljóðkerfisvitund
- Að efla einbeitingu, sjálfstjórn og athygli

LEIÐIR:

- Skipulagðar samverustundir í stórum og litlum hópum
- Vinna með:
 - rím
 - samstöfur
 - hljóðgreiningu
 - hljóðtengingu
 - sundurgreiningu orða
 - samsetningu orða
 - margræð orð

RITMÁL

MARKMIÐ:

- Að börn tileinki sér og þrói með sér ritmál
- Að börn skilji að ritmál feli í sér merkingu
- Að veita börnum tækifæri til að gera tilraunir með ritmál
- Að börn nái aldurssamsvarandi grip í skriffæri

LEIÐIR:

- Hafa ritmál sýnilegt í umhverfinu
- Nýta ritmál t.d. merkja hluti
- Skrá frásagnir í samvinnu við börn
- Vekja athygli á ritmáli í umhverfinu
- Sjónrænt dagskipulag með mynd og texta
- Leika með ritmál
- Bjóða börnum upp á aðgengilegt og fjölbreytt lesefni
- Fylgjast með og leiðbeina um rétt grip skv. leiðbeiningum frá iðjuþjálfum

Á LEIKSKÓLAALDRI OG FYRSTU ÁRUM GRUNNSKÓLANS ER AFAR MIKILVÆGT AÐ BÖRN HAFI GÓÐAR MÁLFYRIRMYNDIR OG FÁI NAUÐSYNLEGA MÁLÖRVUN.



AÐGENGI AÐ EFNIVIÐ OG ÞEKkingu

Að lesa fyrir börn

Mikilvægasti liðurinn í almennri málörvun er að lesa fyrir börn og venja þau við bækur og ritmál. Ánægjuleg lestrarstund skapar jákvætt viðhorf barna til bóka og lesturs um leið og þau fá fyrirmynd að því hvernig þjálfaður lesandi ber sig að. Mikilvægt er að skapa tækifæri fyrir fjölbreytta lestrarupplifun yfir daginn. Lestarstundir geta ýmist verið undirbúnar eða sjálfsprottnar. Hægt er að lesa fyrir börn í hóp eða eitt barn í einu en með því að lesa fyrir börn er verið að jafna tækifæri þeirra til náms því misjafnt getur verið hversu mikið er lesið fyrir þau heima. Bækur gegna mikilvægu menntunar- og menningarhlutverki og eru einn af grundvallarþáttum barnamenningar (Lesið í leik, 2013).

Í fjölmennningarlegum barnahópi þarf að gæta þess að börn kynnist mismunandi ritmáli. Barnabækur á ólíkum tungumálum eru mikill fengur, hvort heldur sem leikskólinn eignast þær eða nýtir sér þjónustu bókasafna. Einnig skal vinna með bakgrunn barna og reynslu, móðurmál og menningu sem lið í uppbyggingu nýrrar þekkingar.

Söngur og kveðskapur

- Söngur, rímur, þulur og ljóð henta vel fyrir börn til að æfa sig og þjálfra málið
- Vitund um bundið mál og einkenni þess lærast þegar unnið er markvisst með kveðskap
- Þekking á rímuðum kveðskap, þulum og söngtextum auðveldar börnum að:
 - Efla hljóðkerfisvitund
 - Þekkja málhljóð og læra að lesa
 - Auka orðaforða
 - Æfa framburð
 - Auka málskilning
 - Efla minni

Umhverfislæsi er að vera læs á táknmyndir í umhverfinu og í raun allt í hinu hlutbundna umhverfi. Þetta snýst um samhengi og tengsl hlutanna, s.s. hvernig laufblaðið tengist trénu, síðan hvernig þetta tengist í ferli og endar í hringrás. Hvernig við tengjumst sjálf þessu umhverfi, rýminu og samhenginu byggir m.a. á færni okkar til þess að lýsa upplifuninni í ræðu og riti (Lesið í leik, 2013).

Í nútímasamfélagi er mikið um notkun hverskyns snjalltækja og hafa börn gjarnan greiðan aðgang að þeim. Stafrænt umhverfi byggist að miklu leyti á ensku og því er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir áhrifum þess á máltöku barna, bæði íslenskra barna og þeirra sem búa við flóknara málumhverfi. Hægt er að velja efni á íslensku og mikilvægt er að stilla notkun þessara tækja í hóf. Leikskólinn er því í lykilhlutverki til þess að fræða foreldra um þessa staðreynd og mikilvægi móðurmálsins á fyrstu æviárunum.

Fjölbreytt tilbúin námsgögn, s.s. spil, tölvuleikir og smáforrit sem örva mál og læsi má nota með öllum barnahópnum. Mikilvægt er að allir starfsmenn leikskólans hafi aðgang að þeim en ekki eingöngu þeir sem sjá um sérkennslu. Listinn hér að neðan er alls ekki tæmandi en hér eru nefnd dæmi um námsgögn og slóðir:

- **Orðaspjall** er leið til að efla orðaforða og hlustunarskilning barna með bóklestri. Handbók um aðferðina og upplýsingar má finna á www.tjarnarsel.is
- **Sögugrunnurinn** eftir Guðrúnu Sigursteinsdóttur og Rannveigu Oddsdóttur er góður til að vinna með uppbyggingu sögu og frásagna.

- **Orðahljóð** eftir Guðrúnu Sigursteinsdóttur eru námsgögn sem ætluð eru til að efla hljóðvitund 3-6 ára barna.
- **Lærum og leikum** með hljóðin er fjölbreytt framburðarefni eftir Bryndísi Guðmundsdóttur sem er ætlað börnum, foreldrum og fagfólki til að undirbúa rétta hljóðmyndun og styrkja undirbúningsfærni fyrir lestur. Vefsíða: <https://laerumogleikum.is/>
- **Lubbi finnur málbein** eftir Þórarín Eldjárn, Eyrúnu Ísfold Hlökkversdóttur, Þóru Másdóttur og Freydísi Kristjánsdóttur er nýstárlegt, skemmtilegt og metnaðarfullt málörvunarefni sem byggir á íslenskri og erlendra rannsóknarvinnu. Efnið hentar öllum börnum sem þurfa sértæka málörvun og einnig til að stuðla að snemmbúnu læsi með því að styrkja mikilvæga undirstöðuþætti fyrir lestur. Vefsíða: <http://www.lubbi.is/>
- **Orðaleikur** er námsefni fyrir börn af erlendum uppruna sem eru að læra íslensku sem annað mál en námsefnið getur nýst á fjölbreyttan hátt í leikskólastarfi og fyrir alla sem vilja læra einfaldar aðferðir til að efla orðanám barna. Námsefnið miðar að því að kenna grunnorðaforða íslenskunnar á fjölbreyttan hátt og mynda þannig krækjur til að kenna flóknari orð. Námsefnið er notendum að kostnaðarlausu. Vefsíða: <https://sites.google.com/view/ordaleikur/heim>
- **Markviss málörvun** eftir Helgu Friðfinnsdóttur, Sigrúnu Löve og Þorbjörgu Þóroddsdóttur er handbók í þjálfun hljóðkerfisvitundar og tengsl hljóðkerfisvitundar við lestrarferli og myndun læsis.

- **Þjálfun hljóðkerfisvitundar í leikskóla. Hugmyndir frá kennurum.** Vefsíða: https://mms.is/sites/mms.is/files/hljom-2_-_nidurstodur_hopavinnu.pdf?fbclid=IwAR1H9WkGWlrzCM7YMzdcuCUgVUh20Z5-Ex1YrsivfMq0jRERfe9476RpR2Q
- Ýmislegt um málörvun og boðskipti er að finna í bókunum Ljáðu mér eyra og Bína bálreiða eftir Ásthildi Bj. Snorradóttur.
- Margvísleg smáforrit til málörvunar leikskólabarna má finna á www.appland.is/leikskoli
- Tákn með tali <http://www.tmt.is/>
- Sagnorðaspilið er mál- og talörvunarefni eftir Hólfríði Árnadóttur og Böðvar Leós.
- Paxel123, málörvun og stærðfræði á fjölmörgum tungumálum <http://paxel123.com/is/>

Vefefni sem hægt er að nýta til að fræðast um og skipuleggja vinnu með málörvun og læsi:

- **Lesvefurinn** www.lesvefurinn.hi.is. Gagnlegt efni um læsi og lestrarerfiðleika
- **Fjölbreytta tölvuleiki sem örva mál og læsi** er að finna á krakkasíðu Námsgagnastofnunar <http://nams.is/krakkasidur/>
- **Könnunaraðferðin**, þrjú þætti ferli í vinnslu verkefna þar sem hugað er að undirbúningi og úrvinnslu eykur möguleikann á því að börn dýpki þekkingu sína á ákveðnum viðfangsefnum. www.projectapproach.org

- **Leikur að bókum** er vefur með fjölmörgum hugmyndum fyrir þá sem leita nýrra leiða til að vinna með barnabækur í leikskóla á ferskan og spennandi hátt. www.leikuradbokum.net
- **Gagnlegt efni til málörvunar barna með annað móðurmál** en íslensku er að finna á www.allirmed.is / íslenska sem annað mál og Tungumálatorginu www.tungumalatorg.is
- **Leiðir til að vinna með og styðja við móðurmál tvítyngdra barna** www.modurmal.com
- **Íslenskar rafbækur** www.emma.is
- **Lesið í leik - læsisstefna leikskóla** https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/L_sisstefna_0.pdf

Samstarf við foreldra

Samstarf foreldra og leikskóla felur í sér samskipti sem byggjast á þátttöku, samráði, samvinnu og stuðningi (Kristinn Breiðfjörð Guðmundsson, 2003). Leikskólinn þarf að hafa frumkvæði að samstarfi við foreldra um eflingu læsis og leiðbeina foreldrum um það hvernig þeir geta stutt við og örvað mál og læsi barnanna (Lesið í leik, 2013). Mikilvægt er að hlusta vel á foreldra, upplýsa þá um hlutverk leikskólans og byggja upp jákvæð samskipti við þá. Starfsfólk þarf alltaf að hafa í huga að hver fjölskylda er einstök og að foreldrar séu líka kennarar barns síns. Með góðum samskiptum við allar fjölskyldur þá stuðlar starfsfólk leikskóla að gagnkvæmri viðurkenningu (Hilmar Sigurjónsson og Börkur Hansen, 2010). Slíkt samstarf er líka frábær leið til þess að læra hvert af öðru.

ÁNÆGJULEG LESTRARSTUND SKAPAR JÁKVÆTT VIÐHORF BARNA TIL BÓKA OG LESTURS.



Fjöltýngd börn

Hluti af sérstöðu Breiðholts er hátt hlutfall fjöltýngdra barna. Í málstefnu Reykjavíkurborgar (2017) kemur fram að margbreytileiki mannlífsins og tungumálakunnátta er auðlind en íslenska er meginsamskiptamál innan skóla borgarinnar. Fjöltýngd börn eru fyrst og fremst börn og læra tungumál á sama hátt og önnur börn (Heimurinn er hér, 2014). Fræðsla til foreldra er nauðsynleg til þess að þeir styðji sem best við þroska barns síns. Mikilvægt er því að líta á barnið sem hæfan einstakling þar sem virðing og væntingar eru lykilatriði. Jákvætt viðhorf leikskólasamfélagsins til ólíkra tungumála er líklegt til þess að hafa góð áhrif á máltöku í íslensku. Miklu máli skiptir að efla barnið í gagnvirkum samskiptum við börn og fullorðna sem tala góða íslensku (Lesið í leik, 2013). Það tekur tíma að læra íslensku sem annað mál en vert er að hafa í huga að magn og gæði íslenskunnar í umhverfi barna hefur áhrif á hversu vel tekst til að byggja upp orðaforða og skilning. Gera má ráð fyrir því að mörg börn með annað móðurmál þurfi aukinn stuðning og beina kennslu til þess að ná tökum á íslensku.

Málörvun og heimalestur leikskólabarna

Lestur er mikilvægur þáttur í máltöku barna og ættu foreldrar því að vera duglegir að lesa fyrir börn sín. Með lestri eykst orðaforði og málskilningur og tækifæri gefst til að efla tjáskipti barna. Foreldrar af erlendum uppruna ættu að lesa fyrir börn sín á eigin móðurmáli. Mikilvægt er að velja bækur sem hæfa getu og áhuga barnanna. Rannsóknir benda til þess að auðugt málumhverfi barna sé gríðarlega mikilvægur þáttur í málþroska þeirra og hefur áhrif á sjálfsmynd, sjálfstraust og velgengni í námi.

Hugmyndir fyrir málörvun

- Nefnið heiti hluta og atburða sem koma fyrir í daglegum samskiptum við barnið.
- Gefið ykkur tíma til að spjalla við barnið hvort sem um er að ræða í leik eða daglegum störfum.
- Gefið barninu tíma til að svara. Hlustið á barnið og spyrjið nánar.
- Skoðið myndir með barninu. Stoppið við hverja mynd, bendið á og nefnið. Reynið svo að láta barnið benda á mynd sem spurt er um (t.d. hvar er bíll?). Notið handstýringu ef barnið þarf hjálp við að benda með vísifingri. Reynið að láta barnið sjálft nefna myndirnar eða hvað er að gerast, spyrja t.d.: hver er þetta, hvað heitir þetta, hvað segir þessi, hvað er þessi að gera?
- Hlustið/horfið á gott barnaefni, staldrið svo við og ræðið hvað þið sáuð, hvað var að gerast? Spyrjið opinna spurninga (ekki spurninga sem krefjast þess að svarað er eingöngu með já eða nei). Leyfið barninu ekki að sitja lengi í einu fyrir framan sjónvarpsskjáinn eða snjalltækið.
- Flestir eyða töluverðum tíma á degi hverjum í bíl. Notið þennan tíma til að örva mál barnsins, t.d. rifja upp hvað barnið gerði í leikskólanum, syngja eða fara með vísur, hvað sem er. Láttu það þó ekki trufla okkur við aksturinn!
- Hvað er hægt að sjá/skoða á leiðinni að heiman og í leikskólann. Hvað sjáið þið áleiðinni?
- Hvað eru margir ljósastaurar, hús, götur, bílar, hurðir, grindverk, rólúvellir, menn, konur, dýr, hjól eða annað á leiðinni? Takið myndir og skoðið saman þegar heim er komið til þess að rifja upp orðin og tala saman um það sem þið gerðuð.

- Farið í þykjustuleiki með börnunum. Verið dugleg að nota þykjustuhluti til að virkja og efla ímyndunarafli barnsins.
- Leggið fyrir börnin einfaldar gátur, t.d. hvað er lítið og loðið og gæltir voff, voff? Hvað er rautt og vex á trjá?m?
- Notið setningar sem þið vitið að barnið skilur en bætið stöðugt við nýjum orðum og hugtökum. Notið bendingar til skýringar (t.d. benda á hluti eða myndir) og útskýrið orð eða notið samheiti („veistu að drengur þýðir það sama og strákur?“).
- Munið að barn getur æft sig í nota tungumálið sitt með samtali við foreldra sína.
- Barnið þitt þróar mál sitt með því að heyra sögur og ævintýri og um leið færð þú tækifæri til að deila hluta reynslu þinnar og sögum sem þú heyrðir sjálf/ur þegar þú varst barn.
- Hlustið á barnið og talið um það sem vekur áhuga þess.
- Spjallið skiptir máli!

Hugmyndir fyrir heimalestur

- Heimsækið bókasafnið. Hvaða áhugamál á barnið? Er til bók um áhugamál barnsins?
- Lesið bók með systkini. Eru til bækur um systkini?
- Á barnið gæludýr eða á einhver sem barnið þekkir gæludýr? Lesið bók um gæludýr eða lesið fyrir gæludýrið.
- Finnið bók um fjöll eða fjöru. Spennandi að fara í fjallgöngu eða fjöruferð. Er eitthvað úr bókinni að finna á fjallinu eða í fjörunni?

- Lesið við vasaljós, undir teppi.
- Lesið bók og látið barnið semja framhaldssögu.
- Skoðið bók með stafrófinu. Hvað segir þinn stafur? Hvað heitir hann? Hvernig skrifar þú hann?
- Semjið sögu og lesið hana upphátt.
- Lesið draugasögu.
- Finnið bók um uppáhaldsdýr barnsins.
- Lesið bók um jólin.
- Eruð þið að fara til útlanda? Lesið bók um landið sem þið ferðist til.
- Hlustið á hljóðbók.
- Búið til myndabók um frí barnsins. Takið myndir í fríinu og skrifið sögur við myndirnar og lesið þær með barninu.
- Lesið bók um Ísland.
- Finnið bók um skordýr eða köngulær. Veltið við steini, þar liggur kannski skordýr í leyni.
- Lesið bók sem fær barnið til að hlæja eða undrast.
- Foreldrar af erlendum uppruna geta lesið/eða búið til sögur úr íslenskum bókum á sínu tungumáli.
- Á bókasafninu getið þið fengið lánaðar bækur á íslensku og á ýmsum öðrum tungumálum.
- Þið getið einnig beðið leikskólakennara um að benda ykkur á bækur sem gott er að lesa upphátt fyrir barnið og fjalla um það sem barnið hefur áhuga á eða hefur verið lesið í leikskólanum.

GRUNNSKÓLAHLUTI

Læsi

Með læsi er átt við þá hæfni að geta lesið, skilið, túlkað og unnið á gagnrýnninn hátt með ritað mál, orð, tölur, myndir og ták. Í víðtækri merkingu vísar hugtakið einnig til læsis á ólíka miðla, umhverfi, hegðun og aðstæður. Læsi er í eðli sínu félagslegt fyrirbæri og hefst með máluppeldi barna við fæðingu. Góð læsisfærni á íslensku er lykill að þekkingaröflun og skilningi á umhverfi og samfélagi (Látum draumana rætast – Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030).

Lestur

Markmið lestrarnáms er tvíþætt. Annars vegar að nemendur læri að lesa úr bókstöfum og hins vegar að þeir skilji þann texta sem lesinn er.

Umskráning er hæfileikinn til að breyta bókstöfum orða í viðeigandi málhljóð, tengja þau saman til að mynda orð og finna merkingu þess. Við stafsetningu er málhljóðum breytt í bókstafi og orð til að lesa.

Lesskilningur er undirstaða alls náms og mikilvægt að kenna hann markvisst á öllum skólastigum. Lesskilningur byggir á fjölmörgum undirþáttum sem eru flóknir, samofnir og breytilegir á milli einstaklinga. Einfalda lestrarlíkanið gerir ráð fyrir tveimur undirþáttum, umskráningu og málskilningi og þurfa nemendur að ná færni í þeim báðum til þess að skilja

innihald texta. Mikilvægt er að nemendur hafi náð tökum á umskráningu við lok 3. bekkjar til þess að geta tekist á við auknar kröfur við lestur námsefnis og geta lesið sér til skilnings.

Fjöltýngdir nemendur eru stór hluti af nemendum hverfisins. Til þess að þessir nemendur nái árangri er mikilvægt að leggja áherslu á kennsluhætti í þágu aukins orðaforða. Sterk tengsl eru á milli orðaforða og lesskilnings og þarf nemandi að geta skilið um 98% orða í texta til að skilja innihaldið og tileinka sér námsefnið. Markviss orðaforðakennsla hefur jákvæð áhrif á lesskilning og námsgengi almennt.

Lestarpjálfun er undirstaða lestrarfærni. Mikilvægt er að þjálfunin sé fjölbreytt og markviss. Gert er ráð fyrir að lestrarþjálfun fari fram í öllum árgöngum til að auka lestrarfærni nemenda. Lestarfærni felur í sér sjálfvirkan fyrirhafnarlausan lestur sem er mikilvægur fyrir helsta markmið lestrar sem er lesskilningur. Þetta á við um alla nemendur óháð aldri en mikilvægt er að lestrarkennsla fari fram í skóla og að þjálfunin fari fram bæði heima og í skólanum.

Texta sem nota á við lestrarþjálfun þarf að velja út frá færni nemanda í lestri. Það er mikilvægt að textinn sé ekki of erfiður. Gott er að miða við að nemandi geri ekki fleiri en fimm til sjö villur í 100 orða lestexta. Texti ætlaður til lestrarþjálfunar þarf að vera það léttur að nemandi geti lesið hann nokkuð auðveldlega.

JÁKVÆTT VIÐHORF SKÓLASAM- FÉLAGSINS TIL ÓLÍKRA TUNGUMÁLA ER LÍKLEGT TIL ÞESS AÐ HAFI GÓÐ ÁHRIF Á MÁLTÖKU Í ÍSLENSKU.



Viðfangsefni lestrarkennslu og lestrarþjálfunar eru að:

- þjálfna hljóðaaðferðina
- efla málskilning/lesskilning og orðaforða
- auka sjálfvirkni og öryggi við lestur orðmynda
- auka nákvæmni við lestur
- læra að virða greinarmerki og að rétt hljómfall við lestur verði gott þannig að merking texta komist til skila
- þjálfna lesfimi (sjálfvirkni, nákvæmni og gott lestrarlag)
- þjálfna framsögn
- þjálfna lestur til náms – vinna með orðaforða- og lesskilningsaðferðir í merkingarbæru samhengi t.d. innan námsgreina sem krefjast mikils lestrar og úrvinnslu á texta

Leiðir til að efla lestur

Hljóðaaðferð byggist á því að nemendur skilji að bókstafirnir tákna hljóð orða. Þegar nemendur hafa heyrt hljóð og séð tákn þeirra byrja þeir að móta og skrifa bókstafinn þannig að samhæfing hugar og handar æfist. Fyrst eru kenndir nokkrir bókstafir og síðan er næsta skref að tengja saman hljóðin og mynda með þeim mælt mál sem felur í sér orð og síðan setningar. Í upphafi lesa nemendur stutt orð en fara smám saman að lesa lengri orð og setningar.

Byrjendalæsi er samvirk kennsluaðferð í læsi, ætluð nemendum í yngstu bekkjum grunnskólans. Unnið er með tal, hlustun, lestur og ritun í einni heild þar sem sértækir þættir móðurmálsins, svo sem hljóðvitund,

réttritun, skrift, orðaforði, setningabygging og málfræði eru tengdir inn í ferlið. Nemendur fá lesefni við hæfi sem kveikir áhuga og ýtir undir ímyndunaraflíð og hvetur til gagnrýnnar hugsunar.

Gæðatexti er lagður til grundvallar lestrarkennslunni og hann nýttur sem efniviður í tæknilega vinnu með stafi og hljóð en einnig með orðaforða, skilning og lestur. Alltaf er unnið út frá sögubók, fræðibók, ljóði eða öðrum merkingarbærum texta. Unnið er með stafainnlögn, lestur, skrift, ritun, málfræði, orðaforða og lesskilning út frá textanum. Í Byrjendalæsi er lögð áhersla á hópvinna, paravinnu og stöðvavinnu um leið og einstaklingsþörfum er mætt. Inn í vinnuna fléttast frásagnir, leikræn tjáning, teikningar og ýmis konar ritun ásamt því að þjálfna nemendur í notkun málsins.

Orð af orði er ætlað að efla málumhverfi, orða- og hugtakaskilning, samvinnu, samræðu, lestur, fjölbreytta og læsistengda námstækni og námsvitund. Aðferðin er hugsuð fyrir mið- og unglingastig. Í upphafi er lögð áhersla á sýnikennslu, svo kennslu með stigvaxandi þátttöku nemenda þar til þeir þurfa ekki stuðning. Áhersla er jafnframt lögð á ritun og undirbúning ritunar innan aðferðarinnar.

Orð dagsins felur í sér greiningu á merkingu orða.

Orðaþrenna er orðaforðakennsla þar sem þrjú orð eru tekin fyrir vikulega fjórar vikur í senn. Í fimmtu viku er upprifjun á orðum síðustu fjögurra vikna. Allur skólinn eða ákveðin stig vinna með orðaþrennunna.

Orðhlutaaðferð felur í sér að tengja saman mismunandi orðhluta og búa til orð.

Orða- og orðhlutavefur felur í sér vinnu með stök orð og orðhluta.

Orðasmíð þar sem orð og setningar eru myndaðar með því að tengja saman orð og orðhluta.

KVL eða Kann, Vil vita og hef Lært er spurningavefur sem er eins konar hugstormun um ákveðið efni.

Krossglímur er hugtakagreining þar sem lykilhugtök eru tengd saman.

Gagnvirkur lestur felur í sér ákveðið ferli þar sem nemendur byrja á að lesa texta og draga saman aðalatriðin úr honum. Því næst spyrja þeir sig spurninga um inntak textans og eigin skilning. Þeir leita skýringa á því sem er óljóst í textanum, efni eða orðum, eftir því sem við á og þeir spá fyrir um framhald textans.

Yndislestur er þegar nemendur lesa sér til ánægju á sjálfstæðan hátt.

Hugtakagreining þegar hugtök eru skoðuð vandlega og merking þeirra greind.

Hugtakakort þar sem þekking er skráð á myndrænan og rökréttan hátt.

Orðaskjóður þar sem orðum er safnað eftir ákveðnum þemum og hengd upp í kennslurýminu.

K-PALS er lestrarkennsluaðferð sem byggist á hljóðaleikjum og umskráningarverkefnum. Hljóðaleikurinn stuðlar að þjálfun hljóðavitundar og umskráningarverkefnin styrkja umskráningu og orðaþekkingu. K-PALS er námsefni fyrir síðasta ár í leikskóla og 1. bekk þar sem nemendur vinna saman í þörum og aðstoða hvorn annan eftir ákveðnum reglum.

PALS þjálfun, grunnþættir lesturs er framhald af K-PALS. Með aðferðinni fá kennarar gott verkfæri, bæði hagnýtt og árangursríkt til að mæta þörfum byrjenda í

lestri í almennri kennslustofu. Tilgangurinn með aðferðinni er að þjálfra vel tengingu hljóðs og stafs og gera tenginguna sjálfvirka sem og að þjálfra umskráningu og lesfimi. Hljóðin eru lögð inn í sömu röð og K-PALS en koma mun örar þ.e. nýtt hljóð í hverju verkefni. Aðferðin gengur út á að leggja inn/rifja upp hljóðin og síðan vinna með samhljóðasambönd. Þar er einnig unnið með sjónorð og texta. Frá 10. viku er paralestur með bókum þjálfður.

PALS lestrarþjálfunaraðferðin byggir upp færni nemenda í lestri og lesskilningi. Nemendur vinna saman í þörum, hjálpast að við lesturinn - lesa hvor fyrir annan- leiðrétta og spyrja hvor annan út úr og ræða svo um lesefnið. Lesefnið getur verið mjög fjölbreytilegt. Rannsóknir hafa sýnt að þátttaka í PALS styrkir lestrarfærni nemenda og aðferðin gefur kennurum kost á að þjálfra alla nemendur hópsins samtímis í lestri.

Kórlestur er aðferð þar allir nemendur lesa sama textann á sama tíma. Mikilvægt er að kennarinn útskýri hugtök sem koma fyrir í textanum áður en nemendur fara að lesa textann. Kennarinn les textann fyrst upphátt og útskýrir hugtökin en síðan lesa nemendur saman upphátt fyrir kennarann. Ef aðferðin er notuð fyrir nemendur með mismunandi getu sker nemandi sem er með lestrarerfiðleika sig ekki úr hópnum og fær jafnframt stuðning við að lesa orð sem hann þekkir ekki. Möguleiki gefst líka á því að ræða um innihald textans, útskýra erfið orð, hugtök o.s.frv.

Upplestur fyrir kennara - þá lesa nemendur einstaklingslega upphátt fyrir kennara. Þannig getur kennarinn fengið innsýn í umskráningarferlið, metið stöðu nemenda, nákvæmni og lestrarlag. Slíkar upplýsingar eru nauðsynlegar þegar velja á lesefni við hæfi.

Býflugnalestur er einföld aðferð þar sem nemandi fær lesefni við hæfi og les í hálfum hljóðum í 2-5 mínútur. Hægt er að láta allan bekkinn/hópin lesa á sama tíma og skiptir þá engu hvort allir lesi sama textann því ekki er ætlast til að lesið sé í kór. Þessi lestur er kallaður „býflugnalestur“ því það myndast nokkurs konar býflugnasuð þegar allir lesa upphátt og ekki í takt.

Kennarastuddur raddlestur er mikilvæg aðferð til þess að ná góðum leshraða. Nemandi sem á að lesa reiprennandi þarf fyrst að heyra hvernig texti er lesinn lipurt. Því er mikilvægt að kennari lesi textann fyrst upphátt fyrir nemandann og sýni þar með hvernig framsögn og áherslur eiga að vera.

Skiptilestur/paralestur er áhrifarík leið til að auka leshraða. Kennari og nemandi lesa þá saman. Kennarinn er fyrirmynd sem sýnir nemandanum hvernig á að lesa textann. Skiptilestur getur einnig verið framkvæmdur þannig að tveir nemendur lesi til skiptis. Sá sem ekki les er „kennarinn“ sem fylgist með og skráir villurnar sem lesarinn gerir. Einnig er hægt að taka lesturinn upp og þannig gefst lesaranum kostur á að hlusta á sjálfan sig og bæta frammistöðu sína.

Tímatökulestur er þegar leshraði er mældur og skráður. Nemendur fá þá sjálfir að fylgjast með hversu mörg orð þeir lásu rétt og hve langan tíma það tók að lesa textann. Niðurstöður eru færðar inn á töflu þar sem framfarir verða strax augljósar. Margir þekkja vel sömu aðferðir frá íþróttæfingum og þess vegna er hvetjandi að nota sömu aðferð við lesturinn.

Endurtekinn lestur á að þjálfra nemanda þannig að villum í lestri fækki. Til að auka leshraða er gott að lesa sama texta aftur og aftur. Nemandinn þekkir innihald textans og lesturinn veitir ekki nýjar upplýsingar. Endurtekinn lestur hefur jákvæð áhrif á leshraða margra nemenda. Til þess að endurtekinn lestur virki hvetjandi er hægt að nota keppnisaðferðina framangreindu með skeiðklukku og skráningu við þjálfunina. Ef þessi aðferð á að skila árangri er mikilvægt að kennarinn velji rétt þyngdarstig, umfang og innihald texta. Nemendur sem eiga í lestrarerfiðleikum gefast fljótt upp ef textinn er of erfiður. Þá er betra að byrja með of léttan lestexta.

Víxllestur - þá eru bæði kennari/foreldri og nemandi þátttakendur. Báðir eru með sama texta sem er valinn með tilliti til þess hver staða nemandans er í lestri. Mikilvægt er að kennari/foreldri byrji að lesa og hafi í huga að leshraði sé í samræmi við leshraða nemandans þannig að viðkomandi geti fylgst með á sínum hraða. Þegar kennarinn/foreldrið hefur lesið eina til tvær síður, leggur hann til að nemandinn lesi svolítið sjálfur, ef til vill tvær til þrjár línur eða bara nokkur orð ef nemandinn á í miklum erfiðleikum. Þessi víxllestur heldur áfram, en smám saman minnkar kennarinn/foreldrið sinn þátt í lestrinum og lestur nemandans verður meiri. Hægt er að ákveða í byrjun hversu margar línur kennari/foreldri les og hversu margar nemandi.

Lestrarþjálfun í námsforritum og hljóðbókum - þá lesa nemendur, hlusta og vinna lestartengd verkefni í ýmsum forritum t.d. krakka- og unglingavefir mms.is og hljóðbækur.

MEÐ LÆSI ER ÁTT VIÐ ÞÁ HÆFNI AÐ GETA LESIÐ, SKILIÐ, TÚLKAÐ OG UNNIÐ Á GAGNRÝNINN HÁTT MEÐ RITAÐ MÁL, ORÐ, TÖLUR, MYNDIR OG TÁKN.



Framsagnarþjálfun er upplestur, leiklestur og ljóðalestur þar sem lesið er upphátt og nemendur æfðir í framsögn. Nemendur í 4. og 7. bekk taka þátt í Litlu og Stóru upplestrarkeppninni.

Markviss málörvun felur í sér kerfisbundin vinnubrögð í leik. Leikurinn er notaður til að vekja athygli nemenda og vekja áhuga þeirra um leið og leikþörf þeirra er mætt. Lögð er áhersla á hlustun og hljóðgreiningu. Nemendur þjálfast í að greina orð sem þeir heyra í einstök hljóð og setja saman orð úr stökum hljóðum.

Markviss orðaforðakennsla er mikilvægur þáttur í árangursríkri lestrarkennslu. Samkvæmt rannsóknnum þurfa nemendur að þekkja 98% orða í textum námsbóka til þess að geta skilið og tileinkað sér innihald þeirra án aðstoðar. Einstaklingsmunur á umfangi orðaforða kemur snemma fram og er líklegur til þess að aukast þegar líða tekur á skólagönguna. Áframhaldandi vöxtur orðaforða byggist að miklu leyti á þeim grunni sem þegar er til. Flestar þær aðferðir sem miða að því að auka orðaforða ungra barna felast í því að fullorðnir lesa fyrir þau sögur og ræða merkingu einstakra lykilorða.

Orðaforðanum er oft skipt upp í þrjú þrep:

- **Þrep 1** – í grunnorðaforða eru orð sem við kynnumst á unga aldri og koma oft fyrir í daglegu máli og því lærast þau jafnan fyrst. Þetta eru orð eins og mamma, kisa, bók og stóll eða orð sem auðvelt er að teikna eða tákna með látbragði. Mikilvægt er að kunna þessi orð vegna þess að þau koma svo oft fyrir. Skilningur á þessum orðum dugir hins vegar ekki til þegar kemur að skilningi á texta eða vönduðu máli af því að þau eru svo fá.

- **Þrep 2** – í millilagi orðaforða eru samheiti algengu orðanna úr þrepi 1 og huglæg orð sem erfitt er að tákna með teikningu eða látbragði. Þetta eru orð eins og móðir, hugmynd, einkennilegur, útdráttur og bjartsýni. Þessi orð koma fyrir í öllu vönduðu máli og er skilningur á þeim forsenda þess að nemendur geti talað, skrifað og lesið sér til gagns. Orðin í þrepi 2 eru ótalmörg en hvert og eitt kemur þó sjaldan fyrir. Þetta eru orð sem koma fyrir í öllum námsgreinum og mikilvægt er að allir kennarar kenni þessi orð.
- **Þrep 3** – í efsta lagi orðaforða eru hugtök og heiti innan fræðasviða og ákveðinna viðfangsefna. Einkenni þessara orða eru að þau krefjast útskýringa og til þess þarf að nota orð úr þrepi 2. Dæmi um slík orð eru kjarni, flekaskil, sólkerfi, reikniaðgerðir og setningafræði. Þetta eru orð sem koma fyrir í ákveðnum námsgreinum og er á ábyrgð hvers námsgreinakennara að kenna þau og tryggja að nemendur skilji þau og geti beitt þeim.

Lesfimiviðmið

Lesfimi er staðlað hraðlestrarpróf frá Menntamálastofnun. Lesfimiviðmiðin eru sett þannig fram að þau sýna stíganda í færni nemenda frá einum bekk til annars. Þetta eru almenn viðmið fyrir nemendur í hverjum árgangi sem endurspeglar þær kröfur sem þeir þurfa að mæta á næstu stigum náms. Lesfimi er mæld sem rétt lesin orð á mínútu.

Tafla 1. Viðmið að vori fyrir lesfimipróf – fjöldi rétt lesinna orða á mínútu.

	V1	V2	V3
1. bekkur	20	55	75
2. bekkur	40	85	100
3. bekkur	55	100	120
4. bekkur	80	120	145
5. bekkur	90	140	160
6. bekkur	105	155	175
7. bekkur	120	165	190
8. bekkur	130	180	210
9. bekkur	140	180	210
10. bekkur	145	180	210

Lestur í skóla er mikilvægur þáttur í lestrarnámi nemenda. Nauðsynlegt er að kennari hlusti reglulega á lestur nemenda út frá stöðu hvers og eins samkvæmt lesfimiviðmiðum. Hægt er að nota eftirfarandi töflu til viðmiðunar varðandi lestur upphátt í skóla:

Tafla 2. Viðmið um lestur í skóla miðað við niðurstöður lesfimiprófa.

UV	V1	V2	V3
1.-3. bekkur			
4-5x í viku	3x í viku	2x í viku	1x í viku
4.-5. bekkur			
3-4x í viku	2-3x í viku	2x í viku	1x í viku
6.-7. bekkur			
2-3x í viku	2-3x í viku	1x í viku	1x í viku
8.-10. bekkur			
2x í viku	2x í viku	1x í viku	1x í viku

Lestarpjálfun heima

Lestarpjálfun heima stuðlar að auknum leshraða, orðaforða og málskilningi. Nemendur lesa upphátt fyrir fullorðinn aðila heima í 15-20 mínútur á dag fimm sinnum í viku. Kvittunarhefti fylgir lestrarbókum þar sem foreldrum eða fullorðnum aðila er gert að kvitta fyrir heimalesturinn. Kennarar kvitta einnig fyrir í sömu hefti í hvert sinn sem nemandi les fyrir þá. Heftið fylgir nemandanum bæði heima og í skóla. Markviss skráning á lestri veitir yfirsýn yfir ástundun, virkni og viðhorf nemandans til lestrar. Skráning á heimalestri er þáttur í samstarfi á milli heimilis og skóla.

Þegar nemandi les heima þarf hann að hafa næði til að æfa sig. Mikilvægt er að ræða og útskýra textann sem lesinn er og athuga hvort nemandinn hafi skilið það sem hann las eða það sem lesið var fyrir hann. Nauðsynlegt er að fullorðinn aðili sitji alltaf hjá nemandanum og fylgist með lestrinum, leiðrétti þegar orð eru lesin rangt og hrósi þegar rétt er lesið. Einnig er mikilvægt að lesa reglulega fyrir nemandann og ræða innihald textans, útskýra erfið orð og álykta um hvað gæti gerst næst.

Lestrarhvetjandi umhverfi

Skólabókasöfn gegna veigamiklu hlutverki í öllu skólastarfi. Söfnin eru í tengslum við almenningubókasöfn og tryggja nemendum gott aðgengi að fjölbreyttu lesefni. Náíð samstarf kennara og bókasafnsfræðinga um vinnu nemenda er forsenda þess að söfnin nýtist sem best. Bókasöfn skólanna styðja við læsi allra aldurshópa. Bókasafnsfræðingar afla sér upplýsinga um nýttkomnar bækur, eru tengiliðir við barnabókahöfunda og skipuleggja lestrarviðburði. Þeir sjá um lestrarátök, m.a. í samstarfi við læsisteymi skólanna.

Lestaráttök innan skólanna eru a.m.k. tvisvar á hverju skólaári fyrir alla árganga.

Lestur í skólaleyfum er mikilvægur og hefur reynslan sýnt að þeir nemendur sem lesa reglulega heima allan ársins hring viðhalda eða bæta lestrarfærni sína. Í sumarleyfum skrá nemendur það sem þeir lesa á sérstakt eyðublað og skila því til kennara þegar þeir mæta aftur í skólann.

Upplestrarkeppnir eru haldnar ár hvert. Grunnskólarnir í Breiðholti taka þátt í bæði Stóru- og Litlu upplestrarkeppninni. Litla upplestrarkeppnin er eingöngu haldin innan skólanna og taka allir nemendur þátt. Í Stóru upplestrarkeppninni fer undankeppni fram í skólunum þar sem valdir eru 2 – 3 fulltrúar til að taka þátt í lokahátíðinni.

Æfingatímabilið hefst 16. nóvember á degi íslenskrar tungu og lýkur Stóru upplestrarkeppninni fyrir 7. bekk í mars og Litlu upplestrarkeppninni fyrir 4. bekk í apríl. Keppnin er haldin að frumkvæði áhugafólks um íslenskt mál í samvinnu við skólaskrifstofur, skóla og kennara. Markmiðið er ávallt að auka lestrarfærni og æfa upplestur sjálfum sér og öðrum til ánægju. Hér felur hugtakið keppni ekki í sér að keppa við aðra heldur að verða betri í lestri í dag en í gær.

NAUÐSYNLEGT ER AÐ KENNARI HLUSTI REGLULEGA Á LESTUR NEMENDA ÚT FRÁ STÖÐU HVERS OG EINS SAMKVÆMT LESFIMIVIÐMIÐUM.



Ritun og stafsetning

Ritun þarf að kenna í tengslum við lestrarkennslu. Hún leiðir til meiri lesturs, eykur orðaforða og eflir rökhugsun. Allur lestur styður því við ritun og öll ritun styður við lestur. Ritun og stafsetning er ferli sem þróast samhlíða og styður hvort annað. Ritun krefst skipulags og að nemendur nýti sér þekkingargrunn sinn, reynslu og upplifanir til að koma frásögnum sínum á blað.

Fjölbreyttar leiðir í stafsetningarkennslu eru heppilegar til að ná sem bestum árangri. Kenna þarf stafsetningarreglur, rétta stafsetningu og uppruna orða. Rétt stafsetning lærist með því að nota orðin, sjá þau á prenti, bera þau fram, fjalla um þau og setja í samhengi við önnur orð og orðasambönd.

Kennsluhugmyndir í ritun og stafsetningu

Sóknarskrift er aðferð þar sem nemandi skoðar einfalda setningu eða orð og veltir fyrir sér stafsetningunni. Textinn er hengdur upp víðs vegar um skólastofuna, nemendur skoða textann og leggja ákveðinn hluta hans á minnið, fara í sætið sitt og skrifa hann niður. Aðferðin eflir sjónminni og þjálfar stafsetningu.

Að segja sögu er góð aðferð til að brúa bilið á milli tal- og ritmáls. Sá sem er góður í að segja sögur er líklegur til að vera góður í að skrifa sögur. Hægt er að nota ýmsar leiðir til að þjálfar nemendur á þessu sviði, t.d. mætti skipuleggja ákveðinn sögutíma þar sem nemendur skiptust á að segja sögur. Sögurnar geta verið frumsamdar, sögur sem aðrir hafa sagt þeim eða frásagnir af raunverulegum atburðum.

Að hlusta á sögu eflir til að mynda orðaforða, máltilfinningu, framburð og eykur ímyndunarafl. Á sama hátt og það er gott að æfa sig í að segja sögur er gott að hlusta á sögur. Nemendur og kennari geta skipst á að velja sögur til að segja, hægt er að hlusta á sögur lesnar upp á ýmsum miðlum eða skipuleggja heimsóknir þar sem gestir eru fengnir í upplestur fyrir nemendur.

Útdráttur er góð leið til að þjálfar ritun auk þess sem nemendur þjálfast í lestri, lesskilningi og stafsetningu. Nemendur fá góða þjálfun í að greina aðalatriði frá aukaatriðum. Ágæt leið til að þjálfar nemendur í að skrifa útdrætti er að fá þá til að segja í stuttu máli frá innihaldi kvikmyndar, sjónvarpsefnis, blaðagreinar eða skáldsögu.

Dagbókaskrif er góð leið til að þjálfar ritun. Hægt er að skipuleggja þau ýmist þannig að nemendur skrifi í dagbókina nokkrar vikur í senn eða allt skólaárið. Dagbókarskrifin geta jafnvel orðið fastur þáttur í skólastarfinu. Auk þess sem nemendur geta skrifað hefðbundna dagbók mætti hugsa sér sérstaka draumadagbók, veurdagbók, matardagbók, lestrardagbók eða dagbók út frá öðrum en sjálfum sér.

Ritdómur felur í sér að nemendur kynna sér ritdóma um bókina sem þeir eru að lesa. Þeir skrifa síðan sinn eigin ritdóm samkvæmt fyrir mælum frá kennara. Gott getur verið að sýna nemendum dæmi um ritdóma sem birst hafa í blöðum en þá má t.d. nálgast á netinu.

Fréttir er hægt að nota til að kynna fyrir nemendum mismunandi ritstíla. Nemendur velja atburði úr sögunni sem þeir eru að lesa og skrifa um þá í fréttastíl. Einnig er tilvalið að biðja nemendur um að skrifa fréttir um skólastarfið sem birtast á heimasíðu skóla eða í vikupósti. Ágætt er að ræða í leiðinni um mismunandi stílbrögð og hvað einkennir t.d. fréttastílinn. Hægt er að biðja nemendur um að skrifa í mismunandi stíl t.d. æsifréttastíl eða hlutlausum stíl.

Hugleiðingar eru ákjósanlegar til að auka lesskilning þar sem fyrri reynsla og sú reynsla sem nemendur öðlast við lesturinn eru samtvinnnaðar. Nemendur skrifa hugleiðingu um efni sem tengist bókinni sem þeir eru að lesa.

Viðtöl tekin við persónur bóka sem nemendur eru að lesa. Þeir æfa sig í að skrifa grein í svipuðum stíl og birtast í tímaritum. Áður ættu þeir að skoða slíkar greinar til að átta sig á því hver helstu einkenni þeirra eru t.d. með því að skoða viðtöl í dagblöðum eða tímaritum.

Sendibréf þar sem nemendur skrifa höfundi bréf og spyrja hann út í efni bókarinnar. Þeir geta velt fyrir sér einstökum atriðum hennar, beðið höfundinn að útskýra einhver atriði eða komið með tillögur um eitthvað sem höfundur getur hugleitt fyrir næstu bókaskrif. Nemendur eru í leiðinni minntir á að huga að formi bréfsins, uppsetningu, stíl og frágangi.

Hvernig skrifa aðrir er ein leið til að auka færni í ritun. Það er hægt að skoða hvernig frásögnin er, t.d. hvort hún er hröð eða hæg. Hægt er að skoða orðaval t.d. hvort höfundur velur orð sem gefa textanum mjúkan eða harðan blæ, hvort textinn virki gamall eða nýlegur,

formlegur, hátíðlegur eða hversdagslegur. Þá má athuga hvort mikið sé um sérnöfn; staðarnöfn og mannanöfn, hvort nafnorðin séu með ákveðnum greini, hvort mikið sé um lýsingarorð eða aðra orðflokka.

Að skipta um kyn er góð leið til að varpa ljósi á hugmyndir okkar og nemendanna um hvað telst kvenlegt og hvað karlmannlegt. Kennari velur texta til að vinna með, t.d. brot úr skáldsögu, smásögu, þjóðsögu, grein í blaði eða tímariti. Hafa þarf í huga að í textanum komi fram mismunandi hlutverk kynjanna. Nemendur eru beðnir að endurrita textann með það í huga að breyta um hlutverk kynjanna. Kvenpersóna er sett í hlutverk karlpersónu – og öfugt.

Rökfærsluritun á að sannfæra lesanda um að ákveðnar skoðanir séu betri en aðrar. Í inngangi er efnið reifað og endað á fullyrðingu. Í meginmáli eru færð rök fyrir ákveðinni afstöðu með og á móti fullyrðingunni. Hver efnisgrein í meginmáli felur í sér ein rök. Í lokaorðum er efnið dregið saman og komist að niðurstöðu.

6+1 víddir ritunar er ritunarnálgun sem byggir á sjö víddum ritunar. Víddirnar sem um ræðir eru hugmyndir, skipulag, rödd, orðaval, setningaflæði, rithefðir og framsetning. Lögð er áhersla á að vinna með eina eða tvær víddir í hvert sinn þar sem kennari leiðbeinir nemenda jafnt og þétt í gegnum sögugerðina.

Hringferli ritunar er heildstæð aðferð við ritunarkennslu. Hver þáttur byggir á þeim fyrri. Byrjað er á því að vekja áhuga nemenda og nota fjölbreyttar aðferðir við að festa ný orð í minni. Lögð er áhersla á skýr markmið og leiðir, að verkefnin séu áþreifanleg, kennslan sýnileg og umræðurnar markvissar og áhugaverðar. Kennarinn leiðir nemendur stig af stigi.

Í hringferli eru þreppin fjögur og byggja hvert á öðru.

1. hluti:

Unnið er með orðaforða og ný orð í 1. hluta. Notaðar eru fjölbreyttar leiðir s.s. myndir, vettvangsferðir og annað til að skapa áþreifanlega tengingu við ný orð og hugtök.



2. hluti:

Í 2. hluta er þekkingin kortlögð til dæmis með hugtakakortum. Skoðaðir eru fyrirmyndartextar og hvernig þeir eru byggðir upp.

Ávextir greindir, sjá töflur

Bragð		Litur	
Áferð		Hvar vex ávöxturinn?	
Ávöxtur	Litur	Áferð	Bragð
sítróna	gul	hörð	súr
pera	gul/græn	frekar hörð	sæt

3. hluti:

Í 3. hluta er sameiginlegur texti skrifaður út frá þeirri vinnu sem á undan er gengin. Kennari skrifar texta sýnilega og nemendur koma með tillögur að innihaldi.

Dæmi:

Sítróna

Sítróna er gulur ávöxtur. Sítrónur vaxa í Sýrlandi, Sómalíu, Írak og Líbanon. Á Íslandi vaxa sítrónur í gróðurhúsum. Sítrónur þurfa sól og hita. Þær vaxa á trjám. Sítrónan hefur gulan börk, gult aldinkjöt og litla steina. Sítrónur eru súrar á bragðið. Áferðin á sítrónu er hörð.

4. hluti:

Í 4. þætti skrifa nemendur texta einstaklingslega út frá þeirri þekkingu sem hefur skapast, t.d. um ávexti.

MARKVISS LESTRARÞJÁLFUN HEIMA OG Í SKÓLA STUÐLAR AÐ AUKNUM LESHRAÐA, ORÐAFORÐA OG MÁLSKILNINGI.



Talað mál og hlustun

Mikilvægt er að geta tekið virkan þátt í fjölbreyttum umræðum og nauðsynlegt er að skapa nemendum aðstæður þar sem þeir geta æft sig í að nota tungumálið, tjáð skoðanir sínar, koma fram og hlustað á aðra. Vinna þarf markvisst með orðaforða í öllum námsgreinum og auka tal- og hlustunarorðaforða nemenda. Færni nemanda í að nota tungumálið á fjölbreyttan hátt hefur áhrif á hvernig hann tileinkar sér læsi.

Kynningar nemenda á verkefnum sínum fyrir öðrum við fjölbreyttar aðstæður.

Stóra og Litla upplestrarkeppnin – sjá framar.

Ljóð eru æfð og lærð. Framsögn æfð með því að lesa fjölbreytt ljóð með mismunandi áherslum.

Sögugerð þar sem nemendur lesa upp eigin sögur.

Leikræn tjáning þar sem nemendur taka þátt í að setja upp stór og lítil verk sem eru flutt við mismunandi tækifæri s.s. sal, hátíðum, fyrir foreldra og bekkjarfélaga. Hægt er að taka einstaka atriði fyrir úr námsbókum.

Nemendur kenna samnemendum sínum. Fá ákveðið efni frá kennara sem þeir eiga að kynna sér. Síðan stýra þeir kennslustund og kenna efnið.

Hlustun þar sem nemendur fá margvísleg tækifæri til að hlusta á aðra og taka tillit til skoðana annarra. Að sýna virka hlustun felur í sér óyrð skilaboð á milli viðmælanda og hlustanda sem hægt er að sýna með líkamstjáningu og augnsambandi. Góður hlustandi sýnir kurteisi og áhuga á því sem viðmælandi hefur fram að færa.

Samkomur á sal þar sem nemendur koma fram, sýna leikrit, syngja eða stjórna leikjum.

Námsfélagi þar sem nemendum (tveir saman) gefst tækifæri í afmarkaðan tíma í upphafi og lok kennslustundar að ræða saman um viðfangsefnið.

Menningarmót er þrískipt námsferli. Fyrst er haldin kynning fyrir nemendur, síðan gera nemendur sína kynningu og að lokum er foreldrum, öðrum nemendum og starfsfólki boðið á sjálfa kynninguna. Nemendur kynna sína persónulegu menningu sem tengist ekki endilega þjóðarmenningu heldur það sem skiptir mestu máli fyrir hvern og einn í hvetjandi umhverfi. Þar kynna nemendur hluti eða atriði sem skipta þá máli í daglega lífinu.

Notkun ápreifanlegra kennslugagna svo sem ýmis konar spila sem hægt er að nýta til að þjálfra bæði talað mál og hlustun s.s. söguteningar og söguspil.

Lokaorð

Læsisstefnan samanstendur af umfjöllun um læsi og fjölbreyttar leiðir til að efla það og yfirliti yfir helstu skimanir sem framkvæmdar eru í leik- og grunnskólum Breiðholts. Með læsisstefnunni eru kennurum færð verkfæri sem nýta má í kennslu og hægt er að nota til að efla frjóa og markvissa kennsluhætti sem stuðla að auknu læsi nemenda.

Læsisstefnan var unnin af fulltrúum læsisteyma leik- og grunnskóla Breiðholts skólaárin 2017 – 2020. Læsisstefnan er lifandi plagg og mun taka breytingum. Vonast er til að samstarfið leiði til frekari samvinnu í skólasamfélagi Breiðholts.

MEÐ LÆSISSTEFNUNNI ERU KENNURUM FÆRÐ VERKFÆRI SEM NÝTA MÁ Í KENNSLU OG STUÐLA AÐ AUKNUM ORÐAFORÐA OG LÆSI NEMENDA.



Heimildaskrá

Aðalnámskrá leik- og grunnskóla – almennur hluti. (2011). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Íslenska til alls: tillögur Íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu. (2008). Sótt af [file:///C:/Users/EgleV2459/Downloads/islenska_til_alls%20\(4\).pdf](file:///C:/Users/EgleV2459/Downloads/islenska_til_alls%20(4).pdf)

Heimurinn er hér. Stefna Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur um fjölmennningarlegt skóla- og frístundastarf. (2014). Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur.

Hilmar Sigurjónsson og Börkur Hansen. (2010). Samskipti grunnskóla og foreldra erlendra barna. Rannsókn gerð í tveimur grunnskólum á Austfjörðum. Í Hanna Ragnarsdóttir og Elsa Sigríður Jónsdóttir (ritstj.), *Fjölmennning og skólastarf* (bls. 289–311). Reykjavík: Rannsóknarstofa í fjölmennningarfræðum og Háskólaútgáfan.

Kristinn Breiðfjörð Guðmundsson. (2003). Samskipti heimilis og skóla. Forsendur, umfang og leiðir. Í Börkur Hansen, Ólafur H. Jóhannsson, Steinunn Helga Lárusdóttir. (ritstj.), *Fagmennska og forysta. Þættir í skólastjórnun* (bls.137-152). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Samstarfsaðilar:

Lesið í leik, læsisstefna leikskóla. (2013). Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar.

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Málstefna Reykjavíkurborgar. (2017). Sótt af https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/malstefna_reykjavikurborgar_-_19_mai.pdf

Menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030 - látum draumana rætast. Sótt af https://reykjavik.is/sites/default/files/menntastefna_rvk_20x20-lores22.02.pdf

Stefán Jökulsson. (2012). Læsi. Ritröð um grunnþætti menntunar. Sótt af https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/grunnth_laesi.pdf





Reykjavíkurborg